

**Nd.**

## **40. Frumvarp**

til laga um virkjun Fljótaár.

Flutningsm.: Bernharð Stefánsson.

### **1. gr.**

Bæjarstjórn Siglufjarðar heimilast að reisa og reka raforkustöð við Fljótaá í Skagafjarðarsýslu, til þess að vinna úr ánni raforku til almenningsþarfa, svo og að leggja háspennutaugar til Siglufjarðar og að gera afspennistöð í Siglufirði og að framkvæma þau mannvirki, sem þarf til þess að koma orkunni til notenda.

### **2. gr.**

Ríkisstjórnin ábyrgist lán handa Siglufjarðarkaupstað til framkvæmda samkv. 1. gr., að upphæð allt að 700000 kr., eða tilsvarendi upphæð í erlendum gjaldeyri, enda samþykki fjármálaráðherra lánskjörin.

### **3. gr.**

Rétt sinn til virkjunar og rekstrar raforkustöðvarinnar og sölu rafmagns getur bæjarstjórnin afhent öðrum, með samþykki atvinnumálaráðherra.

### **4. gr.**

Ef bærinn reisir og rekur raforkustöðina við Fljótaá, skal virkjunin rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með sérstöku reikningshaldi.

### **5. gr.**

Ef hreppsnefnd Holtshrepps óskar þess, er Siglufjarðarkaupstað skylt að veita Holtshreppi rétt til að taka þátt í virkjun Fljótaár á allt að 200 hö. Tekur Holtshreppur þá að sér hlutfallslegan hluta sameiginlegs virkjunarkostnaðar. Nær ríkisábyrgðin til þess hluta, gegn þeim tryggingum, er ríkisstjórnin metur gildar.

### **6. gr.**

Óheimilt er Siglufjarðarkaupstað umfram stofnkostnað og 6% vexti af útlögðum kostnaði að torvelda eða leggja fjárhagslegar álögur eða kvaðir af nokkru

tægi á rafmagn það, sem Holtshreppur kann að fá úr Fljótaá. Sama gildir um Holtshrepp eða sýslufélagið um rafmagn það, er Siglufjarðarkaupstaður kann að virkja eða láta virkja úr Fljótaá, eða um mannvirki í sambandi við virkjunina.

### Greinargerð.

#### Um 1. og 2. gr.

Á Siglufirði eru nú tæp 2300 manns. Má gera ráð fyrir, að 2300—2400 manns a. m. k. verði búsett á rafveitusvæðinu innan Siglufjarðar, er rafvirkjun væri lokið. Bærinn á þegar vatnsorkustöð við Hvanneyrarána, en vatn þrýtur þar oft. Auk þess rekur bærinn mótorstöð í sambandi við vatnsorkustöðina, en hér um bil aðeins til ljósa. Báðar stöðvarnar gefa um 96 ha. rafmagn. Gefur núverandi stöð af sér um 45000 kr. tekjur árlega, en er nú að verða of litil til þess að fullnægja ljósnotkuninni. Hefir bæjarstjórnin í huga að virkja 1200 hö., og verða það tæp 1000 hö. komin til Siglufjarðar. Stofnkostnaður er af Steingrími Jónsyni raffræðing áætlaður um 660 þús. kr., en rekstrarkostnaður 89 þús. kr., og er þar í talin árleg afborgun og vextir. Getur varla á því verið nokkur vafi, að Siglufirðingar eru, þótt sleppt væri öllu rafmagni til iðnaðar, einfærir um að greiða þann rekstrarkostnað árlega fyrir um 10 sinnum meira rafmagn en þeir hafa nú, er þeir þó greiða um helming þeirrar upphæðar fyrir árlega. En sérstaklega ber þess þó að gæta, að á Siglufirði eru sérstök skilyrði fyrir rafmagn til iðnaðar. Þannig þurfa sildarverksmiðjur ríkisins á miklu rafmagni að halda, enda ganga nýtizku sildarverksmiðjur fyrir rafmagni að nokkru leyti, þar sem það er fánlegt við vægu verði. Hafa ríkisverksmiðjurnar á Siglufirði ákveðið að taka 200 kwst., ef Skeiðsfoss yrði virkjaður. Tvö íshús á Siglufirði hafa lofað að taka yfir 100 hö. meðan þau væru rekin, tunniverksmiðjan o. fl. o. fl.

Er því eigi annað sjáanlegt en að hér sé um arðbæra virkjun að ræða og sé sjálfsagt af ríkinu að stuðla að virkjuninni með ábyrgð sinni, enda stendur Siglufjarðarkaupstaður sig vel, líka að öðru leyti. Það er og að hjálpa sildarverksmiðjum ríkisins á Siglufirði að stuðla að virkjuninni, sem þær mundu hafa hag af.

#### Um 3. gr.

Sjálfsagt er að heimila bæjarstjórn með samþykki ráðherra rétt til þess að framselja virkjunar- og rekstrarrétt sinn. Ef lán fengist ekki eða takast mætti að koma á slíkum hagkvæmum samningum og hið virkjaða rafmagn fengist ódýrt, að áliti bæjarstjórnar og ráðherra, ætti slíkt að vera leyfilegt og í valdi hlut- aðeigandi stjórnarvalda að setja þau skilyrði, er henta þætti.

#### Um 4. gr.

Gefur ekki ástæðu til sérstakrar greinargerðar.

#### Um 5. gr.

Siglufjarðarkaupstaður hefir keypt Skeiðsfoss í Fljótum og 2—3 jarðir m. a. til vatnsniðlunar. Er sanngjarnt, að Holtshreppur fái að vera með í virkjuninni,

ef hann æskir þess og setur ríkisstjórninni þær tryggingar fyrir ríkisábyrgðinni að sínum hluta, er ríkisstjórnin metur gildar. Hér er og allþéttbýlt og hagar all-  
vel til sveitaveitu.

Um 6. gr.

Nauðsynlegt er að tryggja það, að Siglufjörður geti ekki skrúfað upp vatns-  
aflið við Holtshrepp eða lagt kvaðir á rafmagnið né torvelað notkun þess að  
þeim hluta, er Holtshreppur virkjar. Er þá og sjálfsgagt, að sama gildi gagnvart  
Siglufirði.

Rafvirkjun er svo mikil alþjóðarheill, að ekkert bæjarfélag, sveitar- eða  
sýslufélag má torvelda eða skattleggja rafmagnsgerð fyrir hinu.